

FYLGISEÐILL: UPPLÝSINGAR FYRIR NOTANDA LYFSINS

Husk duft til inntöku Ispaghula Husk

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega þar sem hann veitir mikilvægar upplýsingar um notkun lyfsins.

Þetta náttúrulyf er fáanlegt án lyfseðils.

Engu að síður er nauðsynlegt að taka Husk á réttan hátt til að ná sem bestum árangri.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðum.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki eftir 3-4 daga.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita ef vart verður aukaverkana sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli eða ef aukaverkanir sem taldar eru upp reynast alvarlegar.

Í fylgiseðlinum

1. Hvað er Husk og við hverju er það notað.
2. Áður en byrjað er að nota Husk
3. Hvernig á að nota Husk.
4. Hugsanlegar aukaverkanir.
5. Hvernig á að geyma Husk.
6. Aðrar upplýsingar

1. HVÆÐ ER HUSK OG VIÐ HVERJU ER ÞAÐ NOTAÐ?

Husk eykur rúmmál garnainnihalds og mýkir hægðir. Hefðbundin notkun náttúrulyfsins er við tímabundinni hægðatregðu. Einnig meðferð við einkennum niðurgangs af ýmsum orsökum, sem og við iðraólgu (irritable bowel syndrome), þegar læknir hefur gengið úr skugga um að ekki séu aðrar ástæður fyrir einkennum.

2. ÁÐUR EN BYRJAÐ ER AÐ NOTA HUSK?

Neyta skal Husk með miklum vökva, t.d. 150 ml af vatni með hverjum 5 grömmum af duftinu, til þess að koma í veg fyrir myndun fyrirstöðu í meltingarvegi og hægðatregðu.

Leitið læknis ef einkenni versna eftir inntöku Husk. Meðferð aldraðra og veiklaðra sjúklinga skal fara fram undir eftirliti læknis.

Ef niðurgangur stendur lengur en 3-4 daga eða ef hægðatregða stendur í lengri tíma, skal hafa samband við lækni.

Ekki má nota Husk:

- hjá sjúklingum með hægðateppu eða einkenni frá kviðarholi af ógreindum orsökum, kviðverki, ógleði eða uppköst, nema að ráði læknis.
- hjá sjúklingum sem hafa haft skyndilegar breytingar á hægðavenjum sem staðið hafa í meira en 2 vikur.
- hjá sjúklingum sem hafa blæðingu frá endaparmi eða sjúklingum sem hafa ekki haft hægðir þrátt fyrir notkun hægðalosandi lyfs.
- hjá sjúklingum sem hafa þrengingar í meltingarvegi, sjúkdóma í vélinda eða magaopi, yfirvofandi hindrun í meltingarvegi (garnastíflu) eða hindrun sem þegar er til staðar, þaninn ristil, sykursýki sem erfitt er að meðhöndla.
- hjá sjúklingum sem þurfa að gangast undir bráða skurðaaðgerð í kviðarholi t.d. vegna botnlangabólgu.
- ef um er að ræða ofnæmi fyrir Ispaghula Husk (sjá „Varnaðarorð og varúðarreglur“ hér fyrir neðan).

Husk er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára.

Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun Husk

- hjá sjúklingum með bráðan bólgusjúkdóm í meltingarvegi eða truflanir í saltbúskap.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá lækningum eða lyfjafraeðingi áður en Husk er notað:

- Ef þú ert heilbrigðisstarfsmaður eða umönnunaraðili sem hefur í langan tíma verið að undirbúa lyfjagjafir hjá sjúklingum með dufti sem inniheldur Ispaghula Husk. Þú gætir hafa þróað með þér ofnæmi fyrir þessum vörum vegna endurtekinnar innöndunar duftsins. Ef einkennin (talin upp í kafla 4) eru greind sem ofnæmi skalt þú ekki nota þetta náttúrulyf (sjá „Ekki má nota“ í þessum kafla).

Notkun annarra lyfja

Frásogi annarra lyfja sem tekin eru samhliða, s.s. steinefna (t.d. kalsíums, járns, litíums og sinks), vítamína (B12), glýkósíða með verkun á hjarta og kúmarín afleiða getur seinkað. Af þessum ástæðum skal taka náttúrulyfið 1-2 klukkustundum fyrir eða eftir máltíð og inntöku annarra lyfja. Þegar um insúlínháða sykursýki er að ræða getur verið nauðsynlegt að minnka insúlínskammtinn. Nauðsynlegt getur reynst að aðlaga skammt skjaldkirtilhormóna sem tekin eru samhliða. Gæta þarf varúðar þegar lyf sem draga úr hreyfanleika maga og þarma (morfínlík lyf, lóperamíð) eru notuð samhliða vegna hættu á teppu í meltingarvegi.

Meðganga og brjóstgjöf

Leitið ráða hjá lyfjafraeðingi áður en lyf eru notuð.

Meðganga

Husk má nota á meðgöngu tíma.

Brjóstgjöf

Husk má nota meðan á brjóstgjöf stendur.

3. HVERNIG Á AÐ NOTA HUSK

Skammtar:

Fullorðnir, aldraðir og börn eldri en 12 ára: 2-3 mæliskeiðar (3-5 g) kvölds og morgna.

Husk er ekki ætlað börnum yngri en tólf ára nema samkvæmt læknisráði.

Aðferð við inntöku: Blandið u.þ.b. 5 g með 150 ml af köldu vatni, mjólk, ávaxtasafa eða öðrum drykkjum, hrærið rösklega og drekkið svo fljótt sem mögulegt er. Drekkið að auki nægilegan vökva. Taka skal náttúrulyfið inn að deginum 1-2 klukkustundum fyrir eða eftir máltíð og inntöku annarra lyfja.

Varúð: Takið ekki inn rétt fyrir svefn. Rannsaka ætti orsakir hægðatregðu ef dagleg þörf er fyrir notkun hægðalyfja. Ekki ætti að nota Husk í lengri tíma nema að höfðu samráði við lækni.

Mikilvægt er að reyna að forðast að anda duftinu að sér við undirbúning náttúrulyfsins áður en það er gefið.

Tímalengd meðferðar: Ef niðurgangur stendur lengur en þrjá daga skal leita læknis til þess að fá örugga greiningu á orsökum.

Ef stærri skammtur en mælt er fyrir um er notaður:

Leitið læknis ef stærri skammtur hefur verið tekinn inn en ráðlagt er.

Ofskömmun getur valdið kviðverkjum og vindgangi og jafnvel fyrirstöðu í meltingarvegi. Gæta skal þess að neysla vökva sé fullnægjandi og veita skal meðferð við einkennum.

4. HUGSANLEGAR AUKAVERKANIR

Eins og við á um öll lyf getur Husk valdið aukaverkunum, það gerist þó ekki hjá öllum.

Í sjaldgæfum tilvikum geta ofnæmisviðbrögð átt sér stað. Magaverkir, vindgangur og þaninn kviður geta átt sér stað, sérstaklega á fyrstu dögum meðferðar. Ef vökvaneysla er ekki nægilega mikil er hættu á fyrirstöðu í görunum eða vélinda svo og hægðateppu.

Ispaghula Husk innihalda efni sem geta valdið ofnæmisviðbrögðum eftir inntöku náttúrulyfsins, snertingu þess við húð eða með innöndun, ef um er að ræða lyfið í duftformi. Ofnæmiseinkennin geta verið m.a. nefrennsli, roði í augum, öndunarerfiðleikar, húðviðbrögð, kláði og í sumum tilvikum bráðaofnæmi (skyndileg útbreidd ofnæmisviðbrögð sem geta valdið lífshættulegu losti). Einstaklingum sem meðhöndla duftið reglulega er hættara við slíkum viðbrögðum (sjá kafla 2).

Algengar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100) eru kviðverkir, vindgangur og uppþemba.

Mjög sjaldgæfar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá meira en 1 af hverjum 1000 en minna en 1 af hverjum 10.000) eru tárubólga, nefslímubólga, öndunarörðugleikar, ofsakláði og útbrot.

Aukaverkanir er örsjaldan koma fyrir (hjá innan við 1 af hverjum 10.000) eru bráðaofæmi.

Látið lækni eða lyfjafræðing vita ef vart verður við aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli eða ef aukaverkanir sem taldar eru upp reynast alvarlegar.

5. HVERNIG Á AÐ GEYMA HUSK

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geymið ekki við hærri hita en 25°C.

Geymið í upprunalegum umbúðum.

Ekki skal nota náttúrulyfið eftir fyrningardagsetningu sem er á umbúðunum.

6. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Hvað inniheldur Husk

Virka innihaldsefnið er fræskurn þroskaðra fræja „*Plantago ovata* Forsk.”.

Útlit Husk og þakningastærð

Husk er ljósleitt duft og fæst það í álpokum í pappaskjum sem innihalda 200 g, 450 g eða 1.000 g.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

W. Ratje Frøskaller ApS

Kirstinehøj 38B

2770 Kastrup

Danmörk

Ef óskað er frekari upplýsinga um lyfið, vinsamlegast hafið þá samband við fulltrúa markaðsleyfishafa:

E. Bridde ehf

Holtasmári 1

201 Kópavogur

s. 577 1215

Þessi fylgiseðill var síðast samþykktur 03/2012.